



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

32. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2011



Við upphaf fermingarguðsþjónustu 10. apríl s.l.

**Kynnið ykkur  
dagskrá Seljakirkju  
í kyrruviku og um  
páska á baksíðu**

## Gleðilega hátíð

### Komum saman til að þakka Guði

Safnaðartíðindin eru kveðja frá kirkjunni þinni, áminning um starfið sem þar er unnið. Sú starfsemi er öllum ætluð og á ábyrgð alls safnaðarfólks. Þar má enginn láta sem honum komi það ekki við og þurfi ekki að leggja hönd á plóg. Enda er það svo, að návist kirkjunnar gefur það sem máli skiptir á þeim stundum lífsins þar sem mest er í húfi, hvort sem það er á gleðistundum eða þar sem erfiðleikar mæta.

Nú fer páskahátíðin í hönd, þar sem minnst er þeirrar atburðarásar í sögunni sem tekur af allan vafa um að Guð himnanna er til staðar, hvort sem það er til þess að gefa gleði eða styrkja í erfiðleikum. Látum okkur koma það við, þess er þörf í lífi okkar. Gerum það í kirkjunni okkar sem er helguð heilögum boðskap um nálægð Guðs. Gleðilega hátíð.

Valgeir Ástráðsson



# Guðspjónusta hestafólks 15. maí



Það er alltaf mikill viðburður á hverju vori þegar hestafólk fer ríðandi til guðspjónustu í Seljakirkju. Hópar koma frá Víðidalnum, Almannadal, Andvaravöllum, Heimsenda, Gustssvæðinu og jafnvel víðar að. Á bílastæðinu við Seljakirkju er sett upp traust gerði fyrir hrossin. Á síðasta ári

voru þar um 140 hross á meðan guðspjónustan stóð yfir. Guðspjónusta er í höndum heimafólks. Þar koma líka hinir hressu félagar „Brokk – kórsins“, með stjórnanda sínum, Magnúsi Kjartanssyni og flytja tónlist. Haraldur Örn Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Landsmóts hestamanna stigur í stólinn og prédikar. Guðspjónustan er til að syngja saman og þakka Guði. Að lokinni guðspjónustunni verður sest að kirkjukaffi. Þá er gleði í góðum hópi. Til guðspjónustunnar eru allir velkomnir, hvort sem komið er á hesti eða ekki.

## Aðalfundur Seljasóknar 8. maí

Að lokinni guðspjónustu 8. maí n.k. verður haldinn aðalsafnaðarfundur Seljasóknar. Sá fundur fjallar um skýrslur og reikninga safnaðarins og þar eru fluttar skýrslur starfsdeildanna mörgu. Einnig er þar kosið til ábyrgðar og stjórnunarstarfa safnaðarins. Atkvæðisrétt á safnaðarfundi hefur allt þjóðkirkju-

fólk, sem býr í Seljahverfi og hefur náð 16 ára aldri. Starf safnaðarins hvílir á herðum safnaðarfólks. Mikilvægt er að allir axli þá ábyrgð og taki þátt í ákvarðanatöku um starf og stefnumótun. Safnaðarfólk, sem ann kirkjunni sinni skyldi því taka þátt í þeim fundi.

## Kvöldgöngur til kirkju - samstarfsverkefni safnaðanna í Breiðholti

Í Breiðholtshverfunum eru söfnuðir við Breiðholtskirkju, Fella- og Hólakirkju og kirkjuna okkar, Seljakirkju. Allt frá stofnun safnaðanna hefur verið gott samstarf og unnið að fjölbreyttum samstarfsverkefnum. Undanfarin tvö sumur hafa söfnuðirnir skipulagt kirkjugöngur, þar sem gengið er frá einni kirkju til annarrar þar sem tekið er þátt í guðspjónustu. Göngurnar hafa verið vel sóttar og hefur verið ákveðið að halda uppteknum hætti nú í sumar. Lagt verður upp í göngutúrinn kl. 19 og guðspjónusturnar hefjast kl. 20. Fyrsta gangan verður **29. maí** og verður þá gengið frá Fella- og Hólakirkju til Seljakirkju. Þann **5. júní**

verður svo gengið frá Seljakirkju og tekið þátt í guðspjónustu í Breiðholtskirkju. Ekki verður gengið á hvítasunnunni en þann **19. júní** verður hringnum lokað þegar gengið verður frá Breiðholtskirkju og tekið þátt í guðspjónustu í Fella- og Hólakirkju. Það er hollt að taka þátt í góðum göngutúr að gefandi tilefni.



## Fréttir

### Kvöldguðspjónustur í sumar

Guðspjónustur Seljakirkju verða nú í sumar, eins og undanfarin sumur, kvöldguðspjónustur og hefjast kl. 20. Það er gott að koma til kirkjunnar sinnar á sumarkvöldi, þakka liðna daga og biðja fyrir nýrri viku, starfi og leik. Við allar guðspjónusturnar verður altarisganga, þar sem kristinn söfnuður á sérstakan hátt nálgast Drottin. Það er þarft að eiga þannig stundir, nýta sér það að eiga góða kirkju og samfélag sem þar er. Tökum þannig þátt í guðspjónustum sumarsins.

### Barna- og unglingakórinn

Barnakórinn hefur starfað vasklega undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur. Lokatónleikar kórsins verða í kirkjunni laugardaginn 21. maí kl. 14. Vert er að fylgjast með þar og njóta þess sem börnin hafa verið að vinna við í vetur. Til tónleikanna eru allir velkomnir.

### Viðhaldsframkvæmdir hússins

Á liðnu ári þurfti að sinna all nokkrum viðhaldsframkvæmdum við Seljakirkju. Endurnýja varð stóra hluta af stýrikerfi loftræstingar og hita í kirkjusalnum. Þá þurfti einnig að sinna nýjum en eðlilegum kröfum eldvarnareftirlits. Allar slíkar framkvæmdir eru að sjálfsögðu kostnaðarsamar, en snertir töluvert þegar mikill niðurskurður hefur verið. En kirkjuhúsið er stolt safnaðarins, þar þurfum við ávallt að halda öllu vel við.

### Heimasíða kirkjunnar

Fréttir af starfi Seljasafnaðar má finna á heimasíðu. Þar er einnig að finna upplýsingar um söfnuðinn, starfsfólk og sögu. Slóðin er <http://www.seljakirkja.is>



## Afmæli kvenfélagsins

Tímamót eru hjá kvenfélaginu nú í ár. Það var stofnað árið 1981, fyrir þrjátíu árum, á fyrsta starfsári safnaðarins, sem hóf störf árið 1980. Þá strax tók hópur dugnaðarkvenna sig saman og stofnaði félagið með þá hugsjón að styðja starf safnaðarins. Fyrsti formaður kvenfélagsins var Aðalheiður Hjartardóttir. Sannarlega hefur tekist á þrjátíu ára ferli að vinna söfnuðinum og starfi hans á margan hátt. Þær gjafir sem Kvenfélag Seljasóknar hefur fært kirkjunni eru ótaldar, flestar stórvirki. Það er hverjum söfnuði ómetanlegt að hafa slíkan bakhjarl. Núverandi formaður kvenfélagsins er Vilborg Linda Indriðadóttir. Megi heill og blessun fylgja starfi kvenfélagsins.

## Vetrarlok barnastarfsins

Vetrarstarfinu í flestum deildum barnastarfsins er nú að ljúka. Drengjastarfið í K.F.U.M og stúlkustarfið í K.F.U.K hefur þegar haft síðustu fundi og bíður til haustsins. Barna- og unglingakórinn er með lokatónleika 21. maí n.k. Síðasta barnaguðsþjónusta vetrarins verður með fjölskylduguðsþjónustu páskadag kl. 11. Frímerkjaklúbburinn mun starfa fram í miðjan maí. En guðsþjónustur verða að sjálfsgöðu hvern helgan dag, svo sem alltaf er.



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
32. árg. 1. tbl. Páskar 2011

Seljakirkja  
v/Raufarssel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson  
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórssón  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.

## Fjármál - kirkjustarf



Umræða um niðurskurð og breytingar á starfssemi í kjölfar þess er ekki skemmtileg, en engu að síður áköf þessa dagana. Þar er verið að veða að ýmsum grunnstoðum samfélagsins, eins og umönnun og menntun barnanna okkar í skólakerfinu, rekstur heilbrigðiskerfisins, svo eitthvað sé nefnt. Það er nú einu sinni þannig að öll sú nauðsynlega starfsemi er bundin fjárhag og kostnaði. Það á líka við um safnaðarstarf kirkjunnar.

Fjárhagur safnaðanna hvílir alfarið á sóknargjöldum, sem fólkið í söfnuðinum leggur fram sem nokkurs konar félagsgjald. Söfnuðir Þjóðkirkjunnar, eins og samtök allra annarra trúfélaga, byggja á framlögum þeirra sem tilheyra viðkomandi trúfélagi. Í samræmi við samning sem um það var gerður, annast hið opinbera innheimtu þeirra framlaga fyrir öll skráð trúfélög, þjóðkirkju-söfnuði sem og annarra. Þar liggur til grundvallar ákveðin upphæð á hvern einstakling, sem trúfélaginu tilheyrir.

Í ólgu ástandsins nú, sem allir þekkja, hefur þetta gjald verið skert verulega, meðhöndlað reyndar eins og það sé framlag hins opinbera en ekki

innheimta. Bein skerðing á safnaðargjöldum, sem sóknarfólk sjálft greiðir en skilar sér ekki til starfsins, er ríflega 20%. Þessi gríðarlega skerðing hefur komið ákaflega illa við safnaðarstarf um allt land. Í söfnuði eins og Seljasöfnuði, þar sem viðamikilið starf er rekið, gefur auga leið að sú tekjuskerðing hefur óhjákvæmilega áhrif á alla starfsemi og rekstur húsnæðisins. Þar hefur verið reynt að halda í horfi. Okkur vill það til að þannig hefur verið haldið á rekstri safnaðarins frá upphafi, að gætni hefur alltaf verið viðhöfð. Það kemur m.a. fram í því að byggingaskuldir leggjast ekki eins hart að okkur og víða gerist í öðrum söfnuðum. Sóknarnefnd og starfsfólk vinnur nú að hagræðingu og skipulagningu. Svo getur orðið að draga þurfi úr einhverju í starfi safnaðarins.

Auðvitað þarf alls staðar að spara, líka skera niður. En það þarf að standa vörð um grunnildin. Traust starf safnaðarins er nauðsynlegra því meir sem að herðir. Við þurfum að standa vörð um það starf. Það er á ábyrgð okkar allra. Við eigum gott kirkjuhús, kirkjumiðstöð sem iðar af lífi alla daga vikunnar. Starfið þar er mikilvægt nú. Á margan hátt getum við lagt okkar til. Fyrst og fremst með þátttöku í því starfi, árvegni í því að bera það fyrir brjósti. Stöndum þar saman.

## Samvera eldri borgara, 26. apríl uppstigningardagur, 2. júní

Síðasta menningarsamvera eldri borgara í vetur verður þriðjudaginn 26. apríl og hefst kl. 18. Þá mun Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdarstjóri Sólheima segja frá starfsemi þar í sögu og nútíð. Haukur Guðlaugsson, organisti og fyrrum söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar leikur á orgel kirkjunnar. Þar verður slegið á ýmsa þá strengi sem okkur eru kærir.

Uppstigningardagur, sem nú er 2. júní, er dagur aldraðra í söfnuðum landsins. Þá er eldri borgurum sérstaklega boðið til guðsþjónustu í kirkjunni okkar. Hún hefst kl. 14 og að henni lokinni er boðið til kaffidrykkju í safnaðarheimilinu, þar sem gefst færi á að spjalla saman og njóta þess að vera saman.



## 17. apríl pálmasunnudagur

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta  
 kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
 Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
 kl. 20 Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga  
 Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.  
 Þorvaldur Halldórsson stýrir tónlistinni.

## 21. apríl skírdagur

- kl. 10.30 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
 Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar  
 kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
 Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
 kl. 20 Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga  
 Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

## 22. apríl föstudagurinn langi

- kl. 11 Guðsþjónusta  
 Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
 Píslarsagan lesin. Litanían sungin.  
 Í guðsþjónustunni verður frumflutt verk ætlað föstudeginum langa eftir  
 Tómas Guðna Eggertsson, við texta eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur.  
 Guðsþjónustunni verður útvarpað beint á Rás 1

## 24. apríl páskadagur

- kl. 8 Morgunguðsþjónusta  
 Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar.  
 Lúðraleikur undir forystu Odds Björnssonar.  
 kl. 11 Fjölskylduguðsþjónusta  
 Umsjón: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.  
 Barna- og unglíngakór kirkjunnar syngur  
 undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur.  
 kl. 11 Guðsþjónusta í Skógarbæ  
 Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar.

## 25. apríl annar páskadagur

- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga  
 Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

## 26. apríl

- kl. 18 Menningarvaka eldri borgara  
 Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima  
 segir frá sögu og starfi Sólheima.  
 Haukur Guðlaugsson fyrrum söngmálastjóri, flytur tónlistina.

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar.  
 Organisti er Tómas Guðni Eggertsson.